

42. fundur stjórnar Héraðsskjalasafns Kópavogs, haldinn að Hamraborg 1, 8. mars 2007 kl. 16:00.

Dagskrá: 1. Skýrsla héraðsskjalavörðar um starfsemi Héraðsskjalasafn Kópavogs árið 2006. 2. Öryggismál í húsnæði héraðsskjalasafnsins. 3. Starfsmannamál. 4. Heiti héraðsskjalasafnsins. 5 Önnur mál.

Mættir: Hilmar Björgvinsson formaður, Hrafnhildur Hjaltadóttir og Bjarni Ólafsson. Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður sat fundinn.

1. **Skýrsla héraðsskjalavörðar um starfsemi Héraðsskjalasafns Kópavogs árið 2006.**

Héraðsskjalavörður lagði fram frumdrög að ársskýrslu 2006. Ræddi hann fyrst stuttlega um sögu safnsins til 2006, síðan um starfsemi HK árið 2006. Starfsmenn voru þrír: Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður, Kristín Þorgeirsdóttir ljósmyndari og Gunnar Marel Hinriksson aðstoðarmaður. Gerði HS grein fyrir ástandi safnsins og aðbúnaði. Héraðsskjalavörður afhenti lista: „Skjöl afhent Héraðsskjalasafni Kópavogs árið 2006“. Þar er innihaldi skjala lýst stuttlega, gefnir upp hillumetrar skv. síð Þjóðskjalasafns og afhendingaraðila getið.

2. **Öryggismál í húsnæði Héraðsskjalasafnsins.** Héraðsskjalavörður skýrði frá því að hann hefði rætt við eftirlitsmann frá Öryggismiðstöð sem gerði ýmsar athugasemdir. Gunnar Már Karlsson, umsjónarmaður fasteignaf framkvæmda í Kópavogi, tjáði héraðsskjalaverði að verið væri að undirbúa útboð vegna öryggismála og þess yrði gætt að mál héraðsskjalasafnsins gleymdust ekki við það tilefni. Stjórn leggur áherslu á að öll öryggismál verði í fullkomnu lagi.

3. **Starfsmannamál.** Ljósmyndari hefur farið fram á að starfshlutfall hennar verði minnkað úr fullu starfi í 60% starfshlutfall í tvo mánuði vegna einkaástandna og var það veitt. Ekki hefur borist svar um nýja starfsmenn (sbr. beiðni stjórnar frá 1.11.06) öðru vísi en að í fjárhagsáætlun er ekki gert ráð fyrir nýjum störfum. Héraðsskjalavörður fer í barnsburðarleyfi (1/2) í júní til ársloka. Stjórn hvetur til þess að sem fyrst verði leitað að starfsmanni til afleysingar frá júní til ársloka.

4. **Heiti héraðsskjalasafnsins.** Formaður reifar mál um að heiti með orðinu héraðsskjalasafn sé tæplega nógu upplýsandi í þessum næststærsta bæ landsins. Lítið sé eftir af því „héraði“ sem vísað sé til með núverandi heiti. Því sé eðlilegt að vísa til bæjar í nafninu sem mætti þá verða *Bæjarskjalasafn Kópavogs*. Stjórn leist vel á þetta og héraðsskjalaverði var falið að skrifa réttum aðilum hjá Kópavogsbæ og ríki til þess að fjalla nánar um þetta.

5. **Önnur mál.**

a) Héraðsskjalavörður nefnir að Gunnar Marel Hinriksson, sem vinnur hér hlutastarf, verði fenginn til þess í ljósi rannsókna sinna um kvikfjárrækt frá 1703 að skrifa grein um sögu kvikfjárræktar í Kópavogi á fyrri öldum. Stjórnin ákvað að

greiða Gunnari Marel kr. 50 þúsund fyrir þessa rannsókn og ætlast til að sú greiðsla koma af framlagi ríkisins til Héraðsskjalasafns Kópavogs.

b) Héraðsskjalavörður greinir frá samstarfi sínu við Kópavogsblaðið um að birta myndir og biðja lesendur að gefa upplýsingar um fólk og aðstæður. Stjórn lýsir ánægju með þetta. Hrafn nefnir að gaman væri að setja slíkt efni á heimasíðu.

c) Héraðsskjalavörður skýrir frá að Þjóðskjalavörður hafi sett hann í nefnd um endurskoðun á handbók um skjalavörslu sveitarfélaga skv. tilnefningu starfsmanna héraðsskjalasafna.

d) Um eldtraustan skjalaskáp: Á fundi stjórnar 1.11.2006 var sótt um fjárveitingu til að kaupa skáp. Því miður var sú upphæð sem sótt var um of lág til að fá skáp sem telst öruggur til þess að verjandi sé að fá skjöl í millisafnalánnum frá öðrum söfnum. Skápur sem vottaður er skv. sænskum stöðlum kostar kr. 340 þúsund + kr. 55 þúsund fyrir sérstakt hölf fyrir rafræn gögn. Stjórnin samþykkti að leitað yrði leiða til að fjárfesta í slíkum skáp og var héraðsskjalaverði falið að kanna málið.

e) Héraðsskjalavörður skýrði frá því að hann hafi haldið erindi á fræðslufundi um skjalaflokkunarkerfi sem Borgarskjalasafn Reykjavíkur ásamt fleirum stóð fyrir þriðjudaginn 30. jan. sl. Erindi hans var um meginatriði bréfalykla og fjallaði um ábyrgðarhlutverk héraðsskjalasafna.

f) Borgarskjalavörður býður starfsfólki HK að taka þátt í námskeiði um brunavarnir gegn þáttökugjaldi. Stjórn HK hvetur til þess að starfsfólkið noti þetta tækifæri.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.15

Fundarritari Bjarni Ólafsson